

Orðin sem við flettum upp 2025

Á hverju ári velur Árnastofnun orð ársins og byggist það val á gögnum sem stofnunin viðar að sér á árinu, einkum fréttatextum. Í ár varð orðið *vangreiðslugjald* fyrir valinu en það merkir gjald vegna vangreiðslu og er m.a. innheimt af eigendum ökutækja sem ekki greiða fyrir gjaldskylt bílastæði innan tiltekins tímaramma. Um orð ársins má lesa á Mannamál.is.

En þótt *vangreiðslugjald* hafi verið valið orð ársins af starfsmönnum Árnastofnunar virðast notendur orðabóka hafa verið að velta allt öðrum orðum fyrir sér á árinu. Tekinn var saman listi yfir uppflettingar á vefjum stofnunarinnar og hér verður tæpt á því helsta sem þar kemur í ljós.

Málið.is

Vefgáttin *Málið* hefur að geyma á þriðja tug orðabóka sem ná yfir íslenskt nútímamál og eldra mál allt frá siðaskiptum. Þótt gáttin nái yfir fjölmargar erlendar orðabækur er aðeins hægt að fletta upp íslenskum orðum. Tólf vinsælustu orðin í vefgáttinni *málið.is* árið 2025 voru eftirfarandi:

1. leyti
2. leiti
3. lýst
4. holt
5. ýfa
6. askur
7. hundur
8. orð
9. dramb
10. stofn
11. aufúsugestur
12. speja

Þótt erfitt sé að draga miklar ályktanir út frá þessum lista má þó sjá ákveðin mynstur. Notendur virðast til dæmis vera að velta fyrir sér hvort orð séu skrifuð með *i* eða *y*. Á toppnum tróna nafnorðin *leiti* og *leyti*. Í Málarsbanka Árnastofnunar sem er á *Málinu* má sjá eftirfarandi athugasemd:

Ekki er sama hvort ritað er **leiti** eða **leyti**.

1) **Leiti** merkir: hæð, hól (sbr. *leiti bar í milli þeirra, á næsta leiti* (merkir: á næstu grösum, innan skamms).

2) **Leyti** merkir: a) hluti, tillit (sbr. *að meira og minna leyti, fyrir mitt leyti, að nokkru leyti, að verulegu leyti* tími (sbr. *um þetta leyti, um eittleytið, um jólaleytið*).

Stafsetning i/y

Mynd 1: Leitarniðurstöður fyrir uppflettiorðin *leiti* og *leyti* í Málarsbankanum.

Íslensk nútímamálsorðabók

Vinsælustu orðin í *Íslenskri nútímamálsorðabók* síðastliðið ár voru þessi:

1. segja
2. leggja
3. hittast
4. sjá
5. ennþá
6. hundur
7. senda
8. fara
9. finna
10. einhver
11. kvár
12. hestur

Eins og sjá má eru þessi orð almennara eðlis en algengustu leitarorðin á *Málinu*. Munurinn á sér eflaust ýmsar skýringar, m.a. þá að *Íslensk nútímamálsorðabók* er mikið notuð af annarsmálshöfum sem vilja nálgast skilgreiningar orða og einföld notkunardæmi. *Málið* er hins vegar flóknari í notkun og býður upp á fleiri möguleika fyrir reynda málnotendur sem vilja kanna orð frá ýmsum hliðum, m.a. heimildir úr eldra máli og orðsifjar. Í fimmta sæti má þó sjá orðið *ennþá*. Draga mætti þá ályktun að notendur séu ekki vissir hvort rétt ritmynd sé *enn þá* eða *ennþá*.

Ef listinn yfir vinsælustu orðin í *Íslenskri nútímamálsorðabók* er skoðaður í heild sinni kemur ýmislegt fleira í ljós. Notendur velta til dæmis fyrir sér nafnorðinu *kvár*.

Fjölskylduorð eru algeng uppflettiorð í *Íslenskri nútímamálsorðabók* þótt þau komist ekki í fyrstu tólf sætin, t.d. *sonur*, *systir* og *faðir*. Þessi orð hafa löngum verið vinsælt viðfangsefni í málfræðikennslu á Íslandi og ekki ósennilegt að einhverjir séu að athuga hvernig orðin fallbeygjast.

Önnur orð neðar á tíðnilistanum sem benda til áhuga notenda á málfarslegum atriðum eru *morgunn*, *hlægja* og *hlakka*. Þar gætu notendur verið að velta fyrir sér eftirfarandi spurningum: Hvenær á að skrifa *morgun* og hvenær *morgunn*? Er merkingarmunur *hlæja* og *hlægja*? Hvort er talið betra að segja *ég hlakka til* eða *mig hlakkar til* í formlegu máli?

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Þegar litið er sérstaklega til beyginga orða kemur annað mynstur í ljós. Samkvæmt heimsóknartölum BÍN eru eftirfarandi orð mest skoðuð:

1. vera
2. fara
3. hafa
4. nýr
5. hestur
6. þessi
7. koma
8. minn

- 9. bók
- 10. vinna
- 11. maður
- 12. kona

Flettingarnar í orðabókum og niðurstöður þjónustukannana benda til þess að stór hluti þeirra sem heimsækja vefi Árnastofnunar séu annarsmálshafar. Tólf vinsælustu orðin á BÍN má telja til kjarnaorðaforða íslensku, þ.e. orð sem koma fyrir í kennsluefni í íslensku fyrir byrjendur. Önnur skýring á vinsældum þessara orða gæti verið sú að uppflettiorðin gætu tengst verkefnum í grunnskólum landsins, þ.e. að verið sé að kenna nemendum að nota BÍN með því að láta þá fletta upp ákveðnum orðum.